



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 14. nóvember 2022

Leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 5.1)

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 1. nóvember sl. og á aukafundi stjórnar KSÍ þann 11. nóvember sl., voru samþykktar breytingar á leyfisreglugerð KSÍ (útgáfa 5.1). Um ræðir breytingar tilkomnar vegna breytinga sem stjórn UEFA hefur samþykkt á leyfisreglugerð UEFA. Einnig er um að ræða breytingar sem gerðar hafa verið til einföldunar á verklagi og til hægðarauka fyrir félög innan leyfiskerfis KSÍ sem ekki taka þátt í Evrópukeppni félagsliða.

Breytingar sem samþykktar voru á fundi stjórnar KSÍ 1. nóvember á leyfisreglugerð KSÍ snéru aðeins að þátttöku félaga í Evrópukeppni félagsliða. Félög sem hafa unnið sér keppnisrétt í Evrópukeppnum félagsliða ber að undirgangast kröfur samkvæmt leyfisreglugerð UEFA vegna þátttöku í þeim keppnum.

Hvað varðar tillögur um breytingar sem snúa að öðrum félögum innan efstu deilda karla og kvenna sem ekki taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða, þá samþykkti stjórn KSÍ á fundi sínum 1. nóvember að láta skoða þann möguleika að leyfiskerfi KSÍ yrði skipt upp. Hefur leyfiskerfi KSÍ verið hagað þannig frá upphafi að leyfiskerfi UEFA sé látið ná til allra félaga í efstu deildum karla og kvenna en ekki aðeins til þeirra félaga sem taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða. Því má segja að þróun leyfiskerfis KSÍ í efstu deildum hafi hingað til að mestu tekið mið af þróun kerfisins hjá UEFA vegna þátttöku í Evrópukeppnum. Samþykkti stjórn KSÍ að láta skoða hvort grundvöllur sé til þess að láta sérsniðnar leyfiskröfur gilda vegna þátttöku félaga í Íslandsmótum, þ.e. vegna leyfisumsókna félaga sem ekki taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða.

Á fundi stjórnar KSÍ þann 11. nóvember voru samþykktar breytingartillögur á leyfisreglugerð KSÍ. Þær breytingar miða að mestu að því að einfalda leyfiskerfi KSÍ fyrir félög sem ekki taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða. Er í reglugerðinni gerður greinarmunur á þeim kröfum sem ná aðeins til félaga sem taka þátt í Evrópukeppnum félagsliða gagnvart kröfum sem ná til þeirra félaga sem ekki taka þátt í Evrópukeppni.

Meðfylgjandi dreifibréfi þessu er leyfisreglugerð KSÍ (Útgáfa 5.1.) þar sem breytingar á reglugerðinni hafa verið merktar með rauðu.

Eftirfarandi er samantekt yfir helstu breytingar:

Samantekt:

Knattspyrna í yngri flokkum:

- **Grein 19** – Áætlun um uppeldisstarf
 - Krafa um reglulega yfirferð og sannreyningu KSÍ á framkvæmd áætlunar um knattspyrnulegt uppeldi
 - Aukning á kröfum um efni áætlunar (skipulag, nefndir, aðstöðu, fjárveitingar, þjálfunaráætlun og fræðslufundi).
- **Grein 20** – Yngri lið
 - Aukning á kröfum um fjölda yngri liða leyfisumsækjanda.
 - Raunaukning á kröfum hjá leyfisumsækjanda í efstu deild kvenna
- **Grein 52** – Markmannsþjálfari fyrir yngri flokka (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Leyfisumsækjandi skal hafa menntaðan markmannsþjálfara fyrir yngri flokka. (Tekur gildi 2024)

Knattspyrna kvenna:

- **Grein 21** – Knattspyrna kvenna
 - Leyfisumsækjandi skal styðja við knattspyrnu kvenna, með verkefnum og starfsemi sem miða að því að bæta hana, auka jafnræði, fagmennsku og áhuga.
 - Öll félag sem taka þátt í efstu deild karla skuli einnig senda lið til leiks í meistaraflokki í Íslandsmóti kvenna, ásamt því að taka þátt í opinberum mótum fyrir yngri flokka kvenna
 - Heimilt að starfrækja í samstarfi við annað aðildarfélag, sameiginlegt meistaraflokks lið („skástrikslið“).

Samfélagsábyrgð knattspyrnu (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**):

- **Grein 27** – Stefnumörkun vegna samfélagsábyrgðar knattspyrnu
 - Innleiða skuli stefnu um samfélagsábyrgð í samræmi við [Sjálfbærnistefnu UEFA í knattspyrnu 2030](#) og viðeigandi leiðbeiningar
- **Grein 31** – Knattspyrna fyrir alla
 - Marka og framfylgja stefnu, sem gerir það auðvelt og skemmtilegt að styðja og starfa að knattspyrnumálum fyrir leyfisumsækjanda, óháð fötlun eða öðrum takmarkandi þáttum.
- **Grein 32** – Umhverfisvernd
 - Marka og framfylgja stefnu, sem bætir umhverfisvitund, umhverfisfótspor hans og sjálfbærni.
- **Grein 44** – Yfirmaður samfélagsábyrgðar knattspyrnu
 - Tilnefna einstakling sem heldur utan um verkefni sem falla undir samfélagsábyrgð knattspyrnu hjá leyfisumsækjanda, samkvæmt [Sjálfbærnistefnu UEFA um í knattspyrnu 2030](#)

Samningar leikmanna:

- **Grein 24** – Ný viðmið vegna samninga við samningsleikmenn (professional)
 - Tryggja þarf að leikmannssamningar leikmanna félagsins, séu í samræmi við viðeigandi ákvæði í samkomulagi varðandi lágmarkskröfur fyrir staðlaða samninga leikmanna sem hafa atvinnu af knattspyrnu í Evrópusambandinu.
- **Grein 25** – Reglur um lán samningsleikmanna (professional)
 - Virða skuli ákvæði Reglugerðar FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna og Reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og féлага hvað varðar lán á leikmönnum sem hafa atvinnu af knattspyrnu.

Menntun þjálfara:

- **Grein 47** - Aðalþjálfari í mfl.
 - Auknar kröfur um skilgreint hlutverk.
 - Krafa um UEFA Pro gráðu fyrir tímabilið 2024 í efstu deild karla og efstu deild kvenna
- **Grein 48** – Aðstoðarþjálfari í mfl.
 - Krafa um aðstoðarþjálfara bætist við í efstu deild kvenna
 - Krafa um UEFA A gráðu fyrir tímabilið 2024 í efstu deild karla og kvenna
- **Grein 49** – Markmannsþjálfari í mfl.
 - Krafa um markmannsþjálfara bætist við í efstu deild kvenna
 - Krafa um UEFA A markmannsþjálfaragráðu fyrir tímabilið 2024 í efstu deild karla og kvenna

Annað starfsfólk

- **Grein 42** – Viðburðastjóri (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Skal hafa í þjónustu sinni viðburðastjóra sem heldur utan um skipulag leikja. Hann skal vera ábyrgur fyrir heildarskipulagi á heimaleikjum meistaraflokks (Aðeins í efstu deild karla).
- **Grein 43** – Auknar kröfur vegna öryggisstjóra
 - a) Sé með skírteini um menntun sem lögreglumaður eða almennur eftirlitsmaður, í samræmi við íslensk lög.
 - b) Hafi farið á og lokið námskeiði um öryggis- og eftirlitsmál hjá KSÍ eða opinberlega viðurkenndri stofnun, þ.m.t. málefni mannfjöldastjórnunar og öryggis á knattspyrnuvöllum.
- **Grein 54** – Skriflegir samningar (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Skriflegir samningar skuli gerðir við veitendur þjónustu.
 - Samningar þjálfara verði að vera í samræmi við viðeigandi ákvæði í Reglugerð FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna.

Lagalegar forsendur

- **Grein 60** – Yfirlýsing um að virða lög- og reglur – Auknar kröfur
 - Leyfisumsækjandi verður að staðfesta með löggildri yfirlýsingu að hann;
 - Tryggi að allar tekjur og kostnaður sem tengjast knattspyrnustarfsemi hafi verið innifalið í uppgjörsumhverfinu.
 - Tryggi að allar viðeigandi upplýsingar vegna breytinga á lögformlegri stöðu aðila, lögformlegu skipulagi samstæðu eða auðkennum hafi borist KSÍ og UEFA fyrir upphaf leyfistímabilsins
- **Grein 61** – Lágmarks lagalegar upplýsingar – (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Leyfisumsækjandi verður að leggja tiltekna lögformlegar lágmarks upplýsingar skv. Upptalningu í greni 61
- **Grein 63** – Lögformlegt skipulag – (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Láta leyfisveitanda í té yfirlit um lögformlegt skipulag félags/félagasamstæðu.
 - Ber að leggja fram yfirlit yfir lykilstjórnendur, helstu breytingar og staðfestingu á skipurit sé tæmandi.
- **Grein 64** – Hæstráðandi aðili (**Aðeins félag í Evrópukeppnum**)
 - Láta leyfisveitanda í té upplýsingar um hæstráðandi aðila og aðila sem hafa veruleg áhrif.

Fjárhagslegar forsendur

- **Grein 69** - Ný regla um eigið fé
 - Í ársreikningi sínum skal leyfisumsækjandi sýna eiginfjárstöðu sem:
 - a. er jákvæð; eða
 - b. hefur batnað um 10% eða meira frá 31. desember árið áður.
 - Ef eigið fé er neikvætt, þá ber [félögum í Evrópukeppni](#) að skila nýjum endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. mars sem uppfyllir skilyrði skv. grein 69 a) eða b).
 - Ef neikvætt, þá ber [öðrum leyfisumsækjendum](#) að skila inn nýjum efnahagsreikningi staðfestum af stjórn félagsins eigi síðar 31. mars sem uppfyllir skilyrði skv. grein 69 a) eða b).
- **Grein 71** – Engin vanskil gagnvart knattspyrnufélögum
 - Vanskil almennt staðfest með undirritaðri yfirlýsingu.
 - [Félög í Evrópukeppnum](#) þurfi einnig að útbúa sérstaka félagaskiptatöflu.
- **Grein 72** – Engin vanskil vegna starfsmanna
 - Hugtakið starfsfólk hefur verið víkkað út til þjónustuaðila
 - Vegna leyfisferlis í aðdraganda Íslandsmóta þá nægi félögum að staðfesta engin vanskil gagnvart starfsfólki með undirritaðri yfirlýsingu.
 - **ATH:** Starfsmaður sem telur að félag hafi ekki sýnt fram á skilvísí fyrir leyfistímabilið skal tilkynna KSÍ um það tafarlaust. Tilkynni starfsmaður um vanskil til KSÍ, þá skal KSÍ óska eftir því við viðkomandi félag að það skili til KSÍ staðfestingu á engum vanskilum gagnvart viðkomandi starfsmanni.
- **Grein 73** – Engin vanskil gagnvart opinberum aðilum (**Aðeins félög í Evrópukeppni**)
 - Sýna skuli fram á að engin vanskil séu við opinbera aðila/skattyfirvöld 31. mars fyrir leyfistímabilið sem sótt er um fyrir.
- **Grein 74** – Engin vanskil gagnvart KSÍ og UEFA (**Aðeins félög í Evrópukeppni**)
 - Sýna skuli fram á að engin vanskil séu við UEFA og KSÍ 31. mars fyrir leyfistímabilið sem sótt er um fyrir.

Eftirlitskerfi UEFA með félögum (**Aðeins félög í Evrópukeppni**).

- **Grein 80** – Upplýsingar um félag
 - Nánar skilgreint hvaða upplýsingar félögum ber að skila til UEFA
- **Grein 81** – Gildissvið og undanþága
 - Nánar skilgreint umfang eftirlitskerfis vegna fjárhags félaga (kröfur um gjaldþol, jöfnuð í rekstri og kostnaðareftirlit)
- **Greinar 83 til 86** – Auknar kröfur vegna eftirlits um engin vanskil
 - Nýjar viðmiðunardagsetningar; **15. júlí, 15. október og 15. janúar** ár hvert.
- **Grein 89** - Útreikningur á knattspyrnutekjum og samanlögðum tekjum af knattspyrnu.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ